

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Suðurlandsbraut 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 6. desember 2013, breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallar-, Veg- og Ármúla vegna lóðarinnar nr. 12 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli ásamt breytingu á kvöð um bílastæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Njálsgata 33b.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 8. janúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits 1, reitur 1.190.0 vegna lóðarinnar að Njálsgötu 33b. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 9. janúar 2014.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2014